

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

2. maí 2024

Umsögn BHM um frumvarp um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna, nr. 60/2020 (ábyrgðarmenn, námsstyrkir), þingskjal 1382 - 935. mál. Stjórnarfrumvarp.


BHM hefur borist til umsagnar frumvarp um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna. Umsögnin er í meginatriðum [óbreytt frá umsögn BHM og Landssamtaka íslenskra stúdenta um frumvarpsdrögin](#). Í þeirri umsögn **gerðu samtökin yfirgripsmiklar athugasemdir á efni þess frumvarps sem hér liggur fyrir**. Í ljósi tæplega tveggja ára samráðsferlis í aðdraganda frumvarpsins og þeim miklu vanköntum sem reifaðir eru í skýrslu ráðherra um Menntasjóð námsmanna. Ekki var tekið tillit til athugasemda BHM og LÍS á frumvarpsdrögin.

BHM vill, til viðbótar við þær athugasemdir sem komu fram í umsögn BHM og LÍS, gera alvarlega athugasemd við það takmarkaða samráð sem haft var við heildarsamtök háskólamenntaðra á vinnumarkaði við gerð frumvarpsins. Í greinargerð með frumvarpinu er sagt að lögð hafi verið áhersla á „náð samráð við námsmannahreyfingar og frumvarpið unnið í samráði við stjórn Menntasjóðs námsmanna, fjármála- og efnahagsráðuneytið sem og Seðlabanka Íslands“. **BHM gerir kröfu um að haft sé samráð við heildarsamtök háskólamenntaðra á vinnumarkaði um boðaða heildarendurskoðun framtíðar.**

Í ljósi yfirstandandi kjaraviðræðna á opinbera markaðnum, lítils ávinnings af háskólamenntun og áhrifa lífsskjarasamningsins á kjör háskólamenntaðra á vinnumarkaði hefur BHM gert þá kröfu á stjórnvöld að ráðist verði í sértækar aðgerðir í námslánakerfinu **til að auka ráðstöfunartekjur háskólamenntaðra**. Aðgerðirnar gætu komið til framkvæmda í áföngum eftir því sem aðilar koma sér saman um:

- 1. Endurgreiðsluhlutfall lána lækki:** Háskólamenntaðir á vinnumarkaði greiða núna 3,4-4,4% af árstekjum sínum í endurgreiðslu námslána. Það jafngildir yfir 20 launuðum vinnudögum á ári hverju. BHM gerir þá kröfu að endurgreiðsluhlutfall G-lána lækki í 2,4% af árstekjum og í 3,4% á R-lánum enda leggst **greiðslubyrðin þungt á háskólamenntaða á vinnumarkaði**. 42% aðspurðra segjast finna mikið eða verulega fyrir byrði námslána skv. nýlegri lífsskjarakönnun BHM, samanborið við 32% fyrir tveimur árum. Sjá mynd að neðan úr lífsskjararannsókn BHM.

Mynd 1. Hlutdeild aðspurðra sem finnur mikið eða verulega fyrir greiðslubyrði námslána




Heimild: Lífsskjararannsókn BHM 2024.

2. **Uppgreiðsluafsláttur verði hækkaður og einfaldaður:** Uppgreiðsluafsláttur námslána sem nú er á bilinu 5 til 15% verðir festur í 15% framvegis.
3. **Víkkaðar heimildir til sértækra ívilnana:** Heimildir sjóðsins til að afskrifa lán og/eða beita vaxtaniðurgreiðslu verði víkkaðar. Virkja ætti þá heimildarákvæði til sértækra ívilnana til að vinna gegn skorti í þjóðhagslega mikilvægum greinum.
4. **Komið verði til móts við ungt fólk:** Vaxtapak á H-lánum verði lækkað og áhætta af vanskilum og væntum afföllum tilfærð að hluta á ríkissjóð. Það verður best gert með lækkun vaxtaálagsins. Auk þessa þyrfti að heimila greiðendum lána að breyta vaxtaskilmálum frá óverðtryggðum vöxtum yfir í verðtryggða vexti, undir sérstökum kringumstæðum.

Til lengri tíma er þá vert að taka til skoðunar blandað kerfi námsstyrkja og vaxtaniðurgreiðslu sem hefði það að markmiði að þjóna til jafns samfélagslegu hlutverki og metnaði þeirra sem sækja sér háskólamenntun. Hér er nærtækast að horfa til norska kerfisins eins og reifað er í umsögn BHM og LÍS.

Fyrir hönd BHM



Vilhjálmur Hilmarsson
Hagfræðingur BHM